

Kennsluleiðbeiningar

Tænk

Námsefni í dönsku fyrir unglingastig grunnskóla.

Höfundar: Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og
Erna Jessen

Ritstjóri: Ellen Klara Eyjólfsdóttir

Yfirllestur: Astrid Juul Poulsen



NÁMSGAGNASTOFNUN

09775

Inngangur

Við samningu Tænk var unnið út frá drögum að nýrri aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarahandbók

Kennarahandbók skiptist í fimm hluta.

1. **Almennt um námsefnið.** Stutt umfjöllun um uppbyggingu námsefnisins.
2. **Kennsluleiðbeiningar** með nemendabókinni og vinnubókinni. Tekið er fyrir hvert þema með ábendingum um kveikjur, ítarefni, vefslóðir og hugmyndir að fleiri verkefnum.
3. **Lausnir** á verkefnum og ábendingar um útfærslur á verkefnum.
4. **Hlustunaræfingar** á PDF til útprentunar.
5. **Samtalsæfingar** á PDF til útprentunar.

Almennt um námsefnið

Tænk! er ætlað sem grunnefni til dönskukennslu í 8. bekk. Efnið samanstendur af lesbók og vinnubók auk geisladisks með 44 hlustunaræfingum. Aftast í kennsluleiðbeiningunum eru 24 samtalsæfingar til ljósritunar. Í lesbók má sjá tákni sem gefa til kynna að samtalsæfing tengist orðaforða á ákveðinni síðu.

Í Tænk! er mikil fjölbreytni bæði í textavali og verkefnum. Textarnir eru mismunandi að lengd og þyngd. Haft var að leiðarljósi að nemendur þjálfist í að beita lestraraðferðunum fjórum (leitar-, yfirlits-, nákvæmni- og hraðlestri) og að þeir venjist á að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi. Á eftir flestum lestextum eru ritunarverkefni tengd orðaforða þeirra. Vinnubókin byggist á lesskilnings- og orðaforðaverkefnum sem einnig eru fjölbreytt að þyngd og gerð. Við gerð lesskilningsverkefna voru mismunandi lestraraðferðir hafðar í huga. Gert er ráð fyrir að lestraraðferðir hverju sinni stýrist af verkefnum. Þess vegna er mikilvægt að vinna með lesbók og verkefnabók samhliða.

Til að koma til móts við þarfir sem flestra nemenda er æskilegt að sem mest fjölbreytni sé í námsefni og kennsluháttum. Fjölbreytni og magn lestexta og verkefna gefa möguleika á einstaklingsmiðuðu námi. Samsetning hóps og geta einstakra nemenda hlýtur að stýra vali kennarans á textum og verkefnum. Það er því ekki nauðsynlegt að allir nemendur vinni allt námsefnið.

Geisladiskur með textum úr lesbók fylgir námsefninu og er ætlaður nemendum með lestrarörðugleika. Einnig er hægt að nálgast lestextana á heimasíðu Námsgagnastofnunar sem gefur nemendum möguleika á að stækka letrið eftir þörfum.

Í námsefninu hefur verið stuðst við danskar kommureglur frá 2003. Þær má finna á heimasíðu Dansk sprognævn : www.dsn.dk

Nemendabók

Lesbókin skiptist í sex þemu og þrjár smásögur. Textarnir byggjast á grunnorðaförða þemans og er raðað upp eftir þyngdarstigi. Við uppröðunina var stuðst við lix-útreikninga.

Með textunum eru orðskýringar á dönsku. Orðin sem eru útskýrð eru dökkletruð í textanum og höfð í kassa neðst á síðu. Gert er ráð fyrir að smám saman muni nemendur þjálfast í að nýta sér orðskýringarnar.

Með flestum textum fylgja ritunaræfingar sem byggjast á orðaförða textans. Áhersla er lögð á að hafa ritunaræfingarnar fjölbreyttar og koma þannig til móts við nemendur á mismunandi getustigum. Æfingarnar má oftast finna neðst á síðu, merktar með blýanti.

Smásögur

Smásögubemað aftast í textabókinni inniheldur þrjár smásögur sem tengjast orðaförða í ákveðnum þemum.

Et bord er et bord, tengist orðaförða í Hjemmet.
Den legetøjsløse stakkel, tengist orðaförða í Dig mig og vi to.
Konfirmationen, tengist orðaförða í Konfirmation.

Við lestur smásagnanna þjálfast nemendur í að lesa án þess að skilja hvert orð og læra þannig að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi.

Í lestrarbókinni eru verkefni tengd smásögunum og eru þau öll byggð upp á sama hátt:

Áður en lesið er.

Áhugi nemenda á sögunni vakinn. (kveikja)

Á meðan lesið er.

Markmiðið með þessum verkefnum er að leiða nemendur í gegnum söguna, án þess að ætlast til að þeir skilji hvert orð.

Eftir lestur.

Unnið með efni sögunnar og orðaförða.

Vinnubók

Í vinnubókinni er lögð áhersla á fjölbreytt verkefni. Verkefnin skiptast í lesskilningsverkefni, orðaförðaverkefni og hlustunarverkefni.

Með lesskilningsverkefnunum eru nemendur þjálfaðir í mismunandi lestraraðferðum. Orðaförðaverkefnin eru fjölbreytt og til þess gerð að auka orðaförða nemenda.

Verkefnunum er ætlað að tryggja fjölbreytni og gefa tækifæri til þess að velja verkefni eftir áhuga og/eða færni hvers og eins. Hvort nemendur vinna öll verkefnin eða hluta þeirra hlýtur þó alltaf að vera í samráði við kennara.

Nokkrar hlustunaræfingar fylgja hverjum kafla og þar er lögð áhersla á mismunandi færni.

Náms- og kennsluaðferðir

Í námsefninu er gert ráð fyrir að unnið sé með alla færniþætti og þeir fléttaðir saman. Þannig á námið og kennslan að endurspeglar eðlilega notkun málsins. Það þarf þó að gæta þess að kennslan einkennist ekki um of af einhliða færniþjálfun, heldur miði að því að gefa nemendum tækifæri til að nota málið sem tæki til tjáskipta.

Námsefnið samanstendur af textum og verkefnum sem þjálfar hlustun, tal, lesskilning og ritun. Auk þess er í efninu lögð sérstök áhersla á að efla markvisst orðaforða nemenda.

Í námsefninu er lögð áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir. Gengið er út frá að nemendur venjist því að vinna jafnt í hópum, þörum og hver fyrir sig allt eftir eðli verkefnisins. Mörg verkefni fylgja hverjum kafla og þannig er hægt að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Myndefni

Myndefni er sérstaklega hentugt til tungumálakennslu, þar sem myndir höfða vel til flestra nemenda. Nota má myndir í námsefni, pappírsmyndir og lifandi myndir. Flestir nemendur átta sig á myndefni og eiga auðvelt með að setja sig inn í aðstæður tengdar því. Í námsefninu er mikið af myndefni sem ætlað er að styðja við textana og um leið að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum. Markmið með myndefni getur verið að:

- Útskýra innihald texta og styðja við orðaforðatilkun.
- Virkja bakgrunnsþekkingu nemenda.
- Hvetja, virkja og vekja áhuga nemenda.
- Þjálfar munnlega og skriflega færni.

Nokkrar hugmyndir að vinnu með myndefni

Umræður kennara og nemenda um mynd t.d.

- Hvað forestillar billedet?
- Hvað mon teksten handler om?
- Hvað ser du på billedet?
- Perspektiv (forgrund/baggrund).
- Hvordan påvirker billedet os?
- Hvilken kultur viser billedet?
- Osv.

Einnig er hægt að

- Lýsa persónum á mynd.
- Spyrja „Hvað gerðist fyrir 10 mínútum?“
- Spyrja „Hvað gerist eftir 10 mínútur?“
- Semja samtal út frá mynd.
- Fara í hlutverkaleik.
- Búa til leikþátt.
- Láta persónuna á myndinni segja frá sjálfri sér.
- Skrifar texta við myndina.
- Skrifar eins mörg orð og maður getur út frá mynd á fimm mínútum og t.d. keppa um hver er með flest orð.

- Spyrja persónu á mynd spurninga. Sessunautur svarar spurningunum.
- Skrifa um mynd eða hluta af mynd.

Vinna með tengsl milli mynda

1. Kennari sýnir tvær myndir alls óskyldar, t.d. flugvél og kaffibolla.
2. Nemendur vinna í pörum og finna tengsl milli þessara tveggja mynda. Þeir skrifa eða segja stutta sögu.
3. Sögurnar eru sagðar eða lesnar upp.

Hugmyndir að vinnu með teiknimyndir og sögur

- Nemendur skrifa texta í talbólur við myndasögur.
- Nemendur semja teiknimyndasögu með texta út frá efni sem búið er að vinna með.
- Nemendur segja frá mynd sem þeir hafa fundið á neti, í blaði eða hafa teiknað sjálfir.
- Paravinna. Nemandi A er með alla söguna og lýsir myndum fyrir B. B er með söguna klippta í sundur og raðar upp eftir fyrirmælum A. Nemendur spyrja og svara á dönsku.

Hugmyndir að orðaforðaleikjum og verkefnum

Memory-spil – samstæðuspil:

1. Kennari eða nemendur útbúa Memory-spil úr orðaforða þemans.
 - A. Nemendur teikna eða líma mynd á annað kortið. Á hitt skrifa þeir orðið á dönsku. Spilið gengur út á að para saman.
 - B. Spjöldum er raðað á hvolf.
 - C. Kennari/nemandi tekur upp kort og les orðið eða segir hvað er á myndinni. Hann tekur upp annað kort af borðinu. Ef það er ekki sama orðið þá leggur hann bæði spjöldin niður og B á nú leik.
 - D. Sá sem fær flestar samstæður vinnur.
2. Nemendur búa til stafarugl hver fyrir annan.
3. Nemendur búa til eins mörg orð og þeir geta úr einu orði þemans t.d. køkkenstol:
Stol – køkken – ø – kok – en – enke – kø o.s.frv.

Úr þessu getur orðið keppni

4. Kennari skrifar þrjú lýsingarorð á töflu. T.d. farlig – tung – stor. Nemendur koma með tillögur að nafnorðum á dönsku sem öll þrjú lýsingarorðin geta átt við. **Svör gætu verið: en bil – en motorcykel – en isbjörn.** Nemendur vinna síðan saman í hópum og koma með tillögur að lýsingarorðum sem skrifuð verða á töflu. Aðrir hópar koma svo með tillögur að nafnorðum.
5. Kennari skrifar 15–20 orð úr þemanu á töfluna. Ath. að orðin séu grunnorðaforði og hafi komið fyrir nýlega. Nemendur mega horfa í smástund á orðin áður en kennari þurrkar þau út. Nú eiga nemendur að reyna að muna eins mörg orð og þeir geta og skrifa þau niður.
6. Kennari/nemandi skrifa 10 stafi á töflu. Athuga þarf að hafa tvo til þrjá sérhljóða. Nemendur eiga að búa til eins mörg orð og þeir geta úr stöfunum en hvern staf má aðeins nota einu sinni.



1. Rend og hop med din krop

Í þemanu er fjallað um

- líkamann
- útlit og ýmis sérkenni
- hollar og óhollar lífsvenjur



Hugmyndir að kveikju

Æskilegt er að umræður fari fram á dönsku.

1. Umræður um líkamann, hollar og óhollar lífsvenjur.
2. Orðablóm tengt grunnorðaforða.
3. Mynd af tveimur ólíkum persónum og umræða um hvernig fólk er ólíkt, bæði í útliti og lífsvenjum.
4. Rætt um staðalímyndir og hvernig við teljum að Danir líti út, eru þeir líkir eða ólíkir okkur. Hægt er að finna myndir á netinu og kanna málið.

Til minnis:



Min krop A

Nemendabók bls. 4
Vinnubók A bls. 4–6

Í vinnubók

Verkefni A

Nemendur geta bætt fleiri líkamshlutum inn á myndirnar.

Verkefni B

Hér er tilvalið að kynna fyrir nemendum nútíð sagna.
Athugið að nemendur eiga að teikna viðeigandi líkamshluta á fyrri línuna.

Min krop B

Nemendabók bls. 5
Vinnubók bls. 7–10

Verkefni A

Hér gæti kennari lesið æfinguna upp fyrir nemendur með leikrænni tjáningu.
Þannig átta nemendur sig betur á hvaða orð eiga að standa á línunum.

Hlustunaræfing 1

Gott er að gera stutt hlé milli líkamshluta, svo nemendur hafi tíma til að skrifa.

Hlustunaræfing 2

Gott er að rifja upp orðin yfir veikindi áður en hlustun hefst.

Til minnis:



Mine plusser og mine minusser

Nemendabók bls. 6

Vinnubók bls. 10–13

Í nemendabók

Samtalsæfing 1

Tegn et rumvæsen.

Markmið: Að þjálfa orðaforða um líkamshluta.

Pema: Rend og hop med din krop.

Form: Paravinna.

Um æfinguna.

1. Allir nemendur fá bæði **örk 1A** og **1B**.

Báðir nemendur teikna mynd af geimveru á **örk 1A** en mega ekki sjá mynd hvors annars.

Sjálfsgagt er að hvetja nemendur til að hafa myndina skemmtilega og reyna að koma sem flestum líkamshlutum inn á myndina.

2. Nemandi lýsir mynd sinni á dönsku og hinn teiknar hana upp. Nemandi má biðja um nánari lýsingu á myndinni en auðvitað á dönsku.
3. Nemendur skipta um hlutverk.

Í vinnubók

Verkefni B

Hér er tilvalið að kynna lýsingarorð og jafnvel vinna meira og markvissara með þau.

Verkefni C

Nemendur þurfa að átta sig á reglulegum endingum lýsingarorða áður en verkefnið er leyst.

Verkefni E

Nemendur eiga að raða bókstöfunum upp á nýtt og mynda lýsingarorð.

Hlustunaræfing 4

Það getur þurft að gera stutt hlé á milli setninga svo nemendur nái að skrifa orðin.



Din mening er vigtig

Nemendabók bls. 7

Vinnubók bls. 14–16

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 7

Nemendur eiga að skrifa í stílabók fimm kosti og þrjá galla sem þeir telja sig hafa.

Samtalsæfing 2

Hvem er din klassekammerat?

Markmið: Að þjálfra orðaforða um útlit og áhugamál.

Þema: Rend og hop med din krop.

Form: Paravinna og e.t.v. hópavinna.

Um æfinguna

1. Allir nemendur fá **örk 2**.
2. Þör spyrja hvort annað um þau atriði sem beðið er um. Nemendur verða að orða spurninguna en ekki bara segja stikkorðin. T.d. navn: **Hvad hedder du?**
Alder: **Hvor gammel er du?** O.s.frv.
Nemendur punkta hjá sér svörin: Benda má nemendum á að skrifa stikkorð en ekki heilar setningar.
3. Nemendur segja frá viðmælanda sínum í litlum hópum eða yfir bekk. Best er ef nemendur geta kynnt viðmælanda sinn án þess að lesa upp af blaðinu.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 5

Nemendur vinna **verkefni A** áður en þeir hlusta, til þess að átta sig á orðunum sem koma fram í **verkefni B**. Í hlustuninni er **mikilvægt** að gera hlé inn á milli svo nemendur náí að teikna andlitin.



Fire unge mennesker

Nemendabók bls. 8

Vinnubók bls. 18–22

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 9

Áður: Hér er unnið með sendibréf. Gott er að þjálfra uppsetningu sendibréfa. Ungt fólk í Danmörku byrjar oftast bréf með því að segja Hej eða kære og kveðja með því að segja t.d. hilsen, kærleg hilsen, knus.

Samtalsæfing 3

Hvem er blevet væk?

Markmið: Að þjálfra orðaforða um útlit og skapgerð.

Þema: Rend og hop med din krop.

Form: Paravinna.

Um æfinguna.

1. Nemendur fá sitt hvort blaðið. Annar **örk 3A** og hinn **örk 3B**.
2. Nemendur eiga að bera saman myndir og finna út hvaða myndir vantar hjá hvorum fyrir sig. Mikilvægt er að fara yfir hvernig orða má spurningar og svör áður en nemendur byrja. Þegar nemandi hefur fundið út hvaða mynd vantar hjá honum á hann að teikna hana inn í tóman reit eftir lýsingu hins nemandans.

Dæmi:

A spyr: Har du en sur pige med langt lyst hår?

B svarar: Ja det har jeg. Men har du en sur gammel dame? o.s.frv.

Nemendur teikna myndirnar sem þeim vantar eftir lýsingu inn í auðu reitina.

Í vinnubók

Verkefni B

Nemendur **reyna** í fyrstu að fylla í eyðurnar sjálfir. Eftir það geta þeir notað lesbókina sér til aðstoðar.

Hlustunaræfing 6

Þessi hlustun er svolítið erfið og gæti þurft að spila hana nokkrum sinnum. Auk þess getur verið **gott að gera hlé** inn á milli, svo nemendur ná að skrifa orðin.



Rød i hovedet – og hvad så?

Nemendabók bls. 11

Vinnubók bls. 24–26

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 11

Á blaðsíðunni er bréf. Nemendur eiga að svara bréfitara og gefa honum/henni góð ráð.

Áður: Hér er unnið með sendibréf, sjá sams konar verkefni í Fire unge mennesker.

Samtalsæfing 4

Gæt en klassekammerat

Markmið: Að þjálfra orðaforða um útlit og sérkenni.

Þema: Rend og hop med din krop.

Form. Hópavinna – þrír til fjórir nemendur.

Um æfinguna.

Æfingin er spurningakeppni. Vel má hugsa sér að hafa lið, stigagjöf og að nemendur megi spyrja fyrir fram ákveðins fjölda spurninga.

1. Hver nemandi fær **örk 4**.
2. Einn nemandi í hópnum hugsar sér persónu í bekknum.
3. Hinir í hópnum eiga að finna út hvern verið er að hugsa um með því að spyrja um útlit og sérkenni. T.d. **har han/hun briller? Har han/hun langt hár?**

Sá sem situr fyrir svörum má aðeins svara **ja** eða **nej**.

Nemendur geta notað orðin í kassanum sem fylgja æfingunni.

Athugið

Nauðsynlegt er að benda nemendum á að nota **jákvæð eða hlutlaus** orð þegar bekkjarfélögum er lýst.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 7

Mikilvægt er að vinna **verkefni A** áður en nemendur hlusta, til þess að æfa orðaforðann sem fram kemur í hlustuninni.

Eftir verkefnið mætti vel hugsa sér að vinna áfram með endingar lýsingarorða þar sem aðaláherslan er á lýsingarorð í æfingunni.



Vidste du?

Nemendabók bls. 12
Vinnubók bls. 27–28

Í nemendabók

Samtalsæfing 5
Hvem taler jeg om?

Markmið: Að þjálfar orðaforða um lýsingu á svipbrigðum.

Þema: Rend og hop med din krop.

Form: Paravinna eða hópavinna.

Um æfinguna.

1. Allir fá **örk 5**
2. Nemendur í pörum eða hóp skiptast á að lýsa einu andliti.
3. Hinn nemandinn eða aðrir í hópnum giska á við hvern er átt.

Dæmi: **Han smiler så man kan se hans tænder. Hvem er det?**
Æfingunni er lokið þegar öllum andlitum hefur verið lýst.

Í vinnubók

Æfing A

Orðin í krossgátunni eru þau orð sem vantar í setningarnar fyrir ofan hana.

Æfing C

Hér er tilvalið að kynna grunnreglur um stigbreytingu lýsingarorða.

Til minnis



Man skal have 6 stykker om dagen

Nemendabók bls. 13

Vinnubók bls. 29–32

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 13

Áður/eftir: Hver nemandi getur spurt einnar nýrrar spurningar yfir bekkinn. Nemendur svara með því að rétta upp hönd. Kennari eða nemandi getur skráð niðurstöður á töflu. T.d. hvem kan lide grønne vindruer? hvem kan ikke lide løg? o.s.frv.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 8

Hlustunaræfing 9

Í lið 6 segir strákurinn að hann borði hollt og óhollt. En lífsstíll hans er heilbrigður samkvæmt því sem fram kemur.

Til minnis



Børn og unge drikker for meget sodavand

Nemendabók bls. 14

Vinnubók bls. 33–34

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 14

Nemendur eiga að skrifa í stílabók um drykkjarvenjur sínar. T.d. hvað, hversu mikið og hvers vegna.

Samtalsæfing 6

Jeg elsker appelsiner

Markmið: Að þjálfra orðaforða um mataræði og lífsstíl.

Þema: Rend og hop med din krop.

Form: Paravinna.

Um æfinguna.

1. Nemendur leggja spurningarnar hvor fyrir annan og skrifa svörin í stikkorðum.
T.d. **Hvad er din yndlingsfrugt? Hvad er din yndlingsgrønsag?** o.s.frv.
2. Nokkrir nemendur segja frá viðmælanda sínum yfir bekkinn eða í litlum hópum.

Til minnis



Vand er godt for velværet

Nemendabók bls. 15

Vinnubók bls. 35–37

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 15

Hægt er að útfæra verkefnið sem hlutverkaleik. Nemendum er skipt í hópa. Hver nemandi túlkar eina persónu á myndinni og hópurinn sýnir stuttan leikþátt.

Í vinnubók

Verkefni A.

Nemendur eiga einungis að setja númerið á setningunni inn í eyðurnar, ekki orðin.

Hlustunaræfing 10

Til minnis



Test dig selv! – Er du sund nok?

Nemendabók bls. 17

Vinnubók bls. 39

Í nemendabók

Samtalsæfing 7

Et Interview

Markmið: Að þjálfra orðaforða um lífsstíl og fleira.

Þema: Rend og hop med din krop.

Form: Einstaklingsverkefni. Nemendur ganga á milli.

Um æfinguna

Allir nemendur fá **örk 7A** og **7B**.

Nemendur ganga á milli og spyrja hvern nemenda einnar spurningar.

Nemendur skrifa niður svörin þar sem við á.

Ábendingar

Ef til vill þarf að setja tímamörk á æfinguna. T.d. gefa nemendum 10 mínútur til að ganga á milli.

Nemendur geta ef til vill gert munnlega grein fyrir niðurstöðum.

Hugsanlega væri hægt að taka svörin saman og setja á veggspjöld.

Til minnis



Hugmyndir að aukaverkefnum

- Teikna stórar myndir eða veggspjöld af líkama og setja inn helstu heitin.
- Lýsa á jákvæðan hátt öllum nemendum bekkjarins og skrifa á veggspjöld.
- Einnig má festa diska á bak hvers nemenda og allir hinir skrifa á diskinn – á dönsku – eitthvað jákvætt um viðkomandi.
- Finna sælgæti og matvörur frá Danmörku. Jafnvel hægt að koma með umbúðir og festa á veggspjöld.
- Kennari útskýrir hvað nemendur eiga að gera og nemendur gera eins. T.d. Stá op, løft højre hånd op i luften og ræk tungen ud af munden. Nemendur geta svo stjórnað leiknum sjálfir.
- Könnun í bekknum um hversu marga ávexti/grænmeti nemendur borða á dag. Einnig er hægt að spyrja um uppáhalds grænmeti/ávexti nemenda eða drykkjarvenjur og svefn.
- Búa til klippimynd um holla eða óholla lífshætti.
- Útbúa lítinn bækling i forritinu publisher um efni tengt þemanu.



Fróðleikur

Fødevarestyrelsen i Danmark anbefaler, at voksne og børn over 10 år spiser 600 gram af frugt og grønt, mens børn fra 4–10 år bør spise 300–500 gram frugt og grønt afhængig af alderen. Undersøgelser viser, at 600 gram frugt eller grønt om dagen nedsætter risikoen for kræft og hjertekar-sygdomme. I gennemsnit svarer én frugt eller grønsag til 100 gram. 600 gram frugt og grønt er altså seks stykker om dagen.

Á Íslandi er mælt með fimm ávöxtum/grænmeti á dag.



Tengt efni

Hvad siger du? B

Höfundar: Ása Kristín Jóhannsdóttir og Erna Jessen.

Lytteøvelse: 32. Sygdomme
34. En undersøgelse om spisevaner

Ung i 8. klasse

Höfundar: Marianne Folmer Nielsen og Ulla Brink.

Nemendabók: Det ser sejt ud bls. 4
I familien bls.16

Og det er Danmark (dvd og verkefnamappa)

Höfundar: Elísabet Valtýsdóttir, Erna Jessen og Hlín Helga Pálsdóttir.

Myndskeið nr. 4. På apoteket A
På apoteket B

God bedre bedst (kennsluforrit/vefefni).

Höfundar: Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir
Krop og sjæl. www.nams.is/GBB

Snak Løs

Höfundur: Birte Harksen

Kroppen bls. 6–12.
Personbeskrivelser bls. 47

Grammatik (handbók)

Höfundar: Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir
Lýsingarorð bls 5–13

Grammatik 1 – vefefni

Höfundar: Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir
http://www.nams.is/pdf/grammatik_a_vef_2utg.pdf

Grammatik 2 – vefefni

Höfundur: Linda Sigurðardóttir
<http://www.nams.is/danska/grammatik2.pdf>



2. Dig, mig og vi to

Í þemanu er fjallað um

- fjölskylduna
- vini
- samskipti



Hugmyndir að kveikju

Æskilegt er að umræður fari fram á dönsku.

1. Umræður um teiknimyndina á fremstu blaðsíðu í þemanu.
2. Orðablóm tengt grunnorðaforða um fjölskyldu.
3. Orðablóm tengt grunnorðaforða um vini og vináttu.
4. Umræður á dönsku um mismunandi fjölskyldur og fjölskylduhagi.
5. Einföld könnun innan bekkjar/hóps um t.d. systkini, afa og ömmur o.s.frv.

Til minnis



Dig, mig og við to

Familien

Nemendabók bls. 18

Vinnubók bls. 40–41

Í nemendabók

Ritunarverkefni á bls. 18

Nemendur búa til ættartré í stílabók.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 11

Til minnis



At have søskende

Nemendabók bls. 19

Vinnubók bls. 42–45

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 19

Áður: Það gæti auðveldað nemendum ritunina að nota hugkort áður en þau byrja ritunarverkefnið, annaðhvort í pörum eða hópum. Þannig eru nemendur búnir að safna saman orðum um efnið til þess að vinna með áfram.

Samtalsæfing 8

Snak om familien

Markmið: Að þjálfra orðaforða um fjölskyldutengsl.

Þema: Dig, mig og við to.

Form: Paravinna.

Um æfinguna

1. Allir nemendur fá **örk 8**.
2. Nemendur spyrja til skiptis um myndirnar.

Dæmi: **A** spyr: *Hvor mange er I i din familie?*

B svarar: *Vi er fire i min familie. Det er min mor, min far, min søster og mig.*

Eða

A spyr: *Hvor mange søskende har du?*

B svarar: *Jeg har kun en lillesøster.*

3. Nemendur skiptast á að spyrja.

Athugið

Í lokin mætti hugsa sér að nemendur spyrðu hvor annan um þeirra eigin fjölskyldur.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 12

Þar sem samtalið er frekar langt getur verið **gott að gera hlé** á einum eða tveimur stöðum í seinni skiptin.

Æfing E

Einungis á að breyta undirstrikuðu orðunum þannig að textinn verði jákvæður. Þó er sjálfsgagt að nemendur skrifi allan textann upp.



Nanna har 13 sækende – første del

Nemendabók bls. 20

Vinnubók bls. 46–46

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 20 – neðst til vinstri.

Áður: Hér mætti rifja upp orðaforða úr fyrsta þemanu tengdan veikindum. Nemendur nota stílabók.

Samtalsæfing 9

Hvem er hvad i familien?

Markmið: Að þjálfra orðaforða um fjölskyldutengsl og ýmis staðaratviksorð.

Þema: Dig mig og við to.

Form: Paraæfing.

Um æfinguna.

1. Annar nemandinn fær örk 9A og hinn örk 9B.
2. Nemendur skiptast á að spyrja hvor annan um myndirnar til þess að geta fyllt inn í ramma.

Dæmi:

A spyr t.d. *Hvem er forrest og længst til venstre på dit billede?*

B svarar: *Det er ...*

3. Nemendur skrifa rétt orð inn í eyðurnar.
4. Nemendur skiptast á að spyrja þar til búið er að fylla inn í allar eyður.

Athugið

Fara þarf vel í staðaratviksorðin í kassanum áður en nemendur byrja á verkefninu.

Í vinnubók

Æfing A

Orðin **unger og rollinger** eru ekki fjölskylduorð en tengjast orðaforða um börn. Þess vegna er vel hægt að skrifa þau í orðabólmið eða tengja þau orðinu **börn**.

Hlustunaræfing 12



Nanna har 13 søskende – anden del

Nemendabók bls. 21

Vinnubók bls. 47–49

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 20 – neðst til hægri og bls. 21

Hér mætti leyfa nemendum að velja annaðhvort ritunarverkefnið.

Áður: Ræða á dönsku um hvernig venjulegur dagur hjá nemendum byrjar og hvaða skyldur þau hafa á heimilinu. Þannig eru nemendur búnir að safna saman orðum um efnið til þess að vinna með áfram.

Samtalsæfing 10

Hvem gør hvad i hjemmet?

Markmið: Þjálfar orðaforða um almenn heimilisstörf.

Þema: Dig, mig og vi to.

Form: Paraæfing.

Um æfinguna.

1. Annar nemandinn fær örk 10A og hinn örk 10B. Þör fá sína æfinguna hvort.
2. Nemendur skrifa upplýsingar um sjálfa sig í næst neðsta rammann á blaðinu.
3. Nemendur skiptast á upplýsingum til að geta fyllt í það sem vantar inn á þeirra blað.

Dæmi: **A** spyr **B**: *Hvad laver Lise om dagen?*
B svarar: *Hun rydder op på sit værelse.*
A skrifar upplýsingarnar í rammann.

4. Nemendur skiptast á að spyrja þar til búið er að fylla inn í allar eyður.

Athugið

Ráðlegt er að fara í tímasetningarnar fyrir ofan rammanna áður en nemendur byrja.

Í vinnubók

Æfing A

Nemendur setja sig í spor Nönnu og svara spurningunum út frá textanum, eins og þeir væru hún.

Hlustunaræfing 13



Forældre

Nemendabók bls. 22–23

Vinnubók bls. 50–51

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 22

Nemendur skrifa í stílabók texta að lágmarki 50 orð sem fjallar um fjölskylduna þeirra. Nemendur geta notað orðin í textanum sér til hjálpar.

Samtalsæfing 11

Familien – kryds og tværs

Markmið: Að þjálfra orð um fjölskyldutengsl, **vandret** og **lodret**.

Þema: Dig, mig og vi to.

Form: Paraæfing.

Um æfinguna.

1. Annar nemandinn fær örk **11A** og hinn **11B**.
2. Nemendur spyrja hvor annan um þau orð sem vantar í þeirra krossgátu. Nemendur mega ekki segja orðið sjálf, heldur verða að útskýra það á annan hátt.

Dæmi:

A spyr: Hvilket ord skal der stå i 5 loddret?

B svarar: Det er min fars mor.

3. Nemendur skiptast á að spyrja þar til búið er að fylla inn í allar eyður.

Athugið

Nemendum verður að vera ljóst hver munurinn er á **vandret** og **lodret**.

Í vinnubók

Æfing B

Ef til vill má vinna meira með myndirnar. Nemendur geta t.d. skrifað sögu út frá myndunum eða leikið stuttan leikþátt.

Æfing C

Í stafaruglinu standa orðin lóðrétt, lárett og aftur á bak.

Hlustunaræfing 14



Brevkassen

Nemendabók bls. 24–25

Vinnubók bls. 52–53

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 25

Hér mætti leyfa nemendum að velja annað ritunarverkefnið.

Nota má myndina við ritunarverkefnið sem hugmynd að samtalsæfingu milli systkinanna. Einnig mætti búa til teiknimyndasögu, hvað gerðist á undan og á eftir?

Í vinnubók

Æfing A

Orðin standa í réttri röð í lesbókinni.

Hlustunaræfing 15

Nemendur eiga að svara spurningunum á íslensku. Til þess að þeir nái að skrifa er mikilvægt að gera hlé á milli spurninga í seinni skiptin sem hlustað er.

Til minnis



Vi er venner for livet

Nemendabók bls. 26–27

Vinnubók bls. 55–57

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 27

Hvað er góður vinur? Nemendur skrifa nokkrar setningar í stílabók. Nota setningarnar í kassanum
Hvað er en god ven? sér til hjálpar.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 16

Frásögnin er nokkuð erfið, svo nauðsynlegt getur verið að hlusta á hana nokkrum sinnum.

Til minnis



Vi snakker da også

Nemendabók bls. 28

Vinnubók bls. 58–60

Í nemendabók

Ritunaræfingar bls. 28

Nemendur búa til spurningar með textann til viðmiðunar og skiptast svo á spurningunum.

Samtalsæfing 12

Venner og venskaber

Markmið: Að þjálfra orðaforða um vináttu.

Þema: Dig, mig og vi to.

Form: Paraæfing.

Um æfinguna

1. Annar nemandinn fær örk 12A og hinn örk 12B.
2. Nemendur skiptast á upplýsingum til þess að geta fyllt inn í eyðurnar.

Dæmi: **A** spyr: *Hvad siger Tomas om drenge?*

B svarar: *De har mange venner.*

A skráir upplýsingarnar í viðeigandi reit.

3. Nemendur skiptast á að spyrja þar til búið er að fylla í allar eyðurnar.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 17

Til minnis



Gode klassekammerater betyder meget

Nemendabók bls. 29

Vinnubók bls. 60

Í vinnubók

Æfing B

Orðin standa í rétttri röð í textanum.

Æfing C

Fyrsta orðið í setningunni er gefið upp, með stórum staf.

Forskellige klasser

Nemendabók bls. 29

Vinnubók bls. 61

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 29

Hópverkefni. Nemendur búa til veggspjald þar sem fram kemur hvernig þeir geti gert þekkingu sinn enn betri.

Til minnis



Hugmyndir að aukaverkefnum

- Leiðarbók (logbog). Nemendur skrifa tvær–þrjár línur um fjölskylduna sína á hverjum degi í eina viku. Nemendur þurfa ekki að skila þessu inn eða birta frekar en þeir vilja.
- Nemendur koma með einhvern hlut sem tengist vini eða fjölskyldumeðlimi. Þeir segja frá hlutnum (í pörum, hópum eða í bekknum) og hvernig hann tengist þessum einstaklingi.
- Pennavinir.
 1. Nemendur skrifa stutt sendibréf, segja lítillega frá sjálfum sér og áhugamálum sínum og lýsa eftir pennavini. Nemendur eiga ekki skrifa undir bréfið.
 2. Bréfin eru sett í kassa og nemendur draga sér bréf sem þeir svo svara. Ef tími er til mætti leyfa þeim að velja sér bréf sem passar við þeirra áhugamál.
 3. Bréfin eru að lokum hengd upp tvö og tvö saman. Nemendur finna sín bréf og skrifa undir.
- Hægt er að gera fjölskyldutré með myndum af dönsku konungsfjölskyldunni.
- Nemandi A lýsir fjölskyldutengslum sínum fyrir B sem teiknar upp ættartré eftir lýsingunni. Síðan skipta nemendur um hlutverk.



Fróðleikur

Nafnið á þemanu kemur úr gömlu rími.
Dig, mig og við sejlede i en træsko.
Da vi kom til Langeland var vor træsko fuld af vand.
Da vi kom til Rom var vor træsko tom.



Tengt efni

Hvad siger du? A

Höfundar: *Hlín Helga Pálsdóttir og Svandís Ólafsdóttir.*

Lytteævelser: 1. Tre venner
11. Morgenpligter

Ung i 8. klasse

Höfundar: *Marianne Folmer Nielsen og Ulla Brink.*

Nemendabók: I familien bls. 6–7
Camillas veninde bls. 8–9
I familien bls. 16–17

Í kennsluleiðbeiningum með efninu eru nokkur verkefni til ljósritunar sem henta með þemanu.

<http://www.namsgagnastofnun.is/ungiotte/ungi8.pdf>

Og det er Danmark (dvd)

Höfundar: *Elísabet Valtýsdóttir, Erna Jessen og Hlín Helga Pálsdóttir.*

7. Hjemme hos familien Nielsen (verkefni til ljósritunar fylgja)

Snak Løs

Höfundur: *Birte Harksen*

Familien bls. 14–18



Áhugaverðar slóðir

www.kongehuset.dk

www.kronprinsparret.dk



3. Hjemmet

Í þemanu er m.a. fjallað um

- Helstu tegundir húsnæðis.
- Húsgögn, húsbúnað og annað sem tilheyrir heimili.
- Framtíðarheimilið.



Hugmyndir að kveikju

Æskilegt er að umræður fari fram á dönsku.

- Ræða um hvaða lágmarkskröfur við gerum til húsnæðis.
- Birta myndir af mismunandi húsum og ræða um þau.
- Sýna mynd af dæmigerðum dönskum húsum Hvernig er þau ólík húsum á Íslandi? (Það má finna myndir af húsum á [www. google.dk/billeder/danske huse](http://www.google.dk/billeder/danske+huse))
- Hvað gerir fólk inni á heimili? – Orðablóm og umræður.

Til minnis



Boliger

Nemendabók bls. 30

Vinnubók bls. 62–63

Í nemendabók

Ritunarverkefni.

Áður en nemendur vinna verkefnið er gott að fara yfir ólíkar gerðir húsnæðis. Til dæmis en ejendom, en lejlighed, en boligblok, et rækkehus, et enfamilieshus, et tofamilieshus, en villa, moderne, gammeldags, en etage.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 18

Til minnis



Sádan bor jeg – Tobias 13 ár, første del

Nemendabók bls. 31

Vinnubók bls. 65–67

Í nemendabók

Samtalsæfing 13

Tegn et hus

Markmið: Að þjálfra orðaforða um um húsbyggingar.

Pema: Mit hjem.

Form: Paraæfing.

Um æfinguna

1. Báðir nemendur fá **örk 13A** og **13B**.
2. Nemendur teikna hvor sitt húsið.
3. Annar nemandinn lýsir sínu húsi og hinn teiknar og öfugt.

Í vinnubók

Æfing F

Hér á að mynda orð með stöfunum úr orðinu **SKRIVEBORD**, þannig að stafirnir komi einvers staðar inni í nýja orðinu lóðrétt.

Hlustunaræfing 19

Æfingin er í tveimur hlutum. Í fyrra skiptið svara nemendur **verkefni eitt**. Síðan hlusta þeir aftur og svara **verkefni tvö**. Athugið að æfingin er lesin tvisvar á disknum.

Til minnis



Sádan bor jeg – Tobias anden del

Nemendabók bls. 32

Vinnubók bls. 68–73

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls 32

Áður en nemendur vinna ritunarverkefnið er gott að ræða **á dönsku** um myndirnar á bls. 30. Þannig rifja nemendur upp þann orðaforða sem þeir þurfa á að halda.

Talæfing bls. 32

Nemendur geta sagt frá hlutum sem þeir koma með að heiman í pörum, litlum hópum eða yfir bekkinn.

Ritunarverkefni bls. 33

Nemendur búa til teikningu af heimili sínu og skrifa inn á hana hvað herbergin heita.

Í vinnubók

Æfing D

Áttirnar vinstri og hægri miðast við að nemandinn horfi á myndina, ekki að hann ímyndi sér að hann sé staðsettur inni í henni.

Hlustunaræfing 20

Til minnis



Mit hjem – Anette 14 ár, første del

Nemendabók bls. 33–34

Vinnubók bls. 74–79

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 34

Nemendur teikna herbergi Anette og skrifa inn á hana hvað húsgögnin heita.

Talæfing bls. 34

Nemendur vinna í pörum eða litlum hópum. Nemendur skiptast á að lýsa einhverju húsgagni og hinir eiga að geta hvert húsgagnið er.

Í vinnubók

Æfing F

Sums staðar eru fleiri en einn möguleiki á réttu svari.

Hlustunaræfing 21

Til minnis:



Mit hjem – Anette 14 ár, anden del

Nemendabók bls. 34–35

Vinnubók bls. 79–81

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 35

Nemendur skrifa minnst átta atriði um myndina á bls. 35 í stílabók. Áður en nemendur vinna ritunarverkefnið er gott að ræða um myndina á bls.35 á dönsku og jafnvel gera orðablóm á töflu með orðaforða tengdum myndinni.

Samtalsæfing 14

Rod í stuen

Markmið: Að þjálfra orðaforða um hluti á heimilum ásamt orðaforða um staðsetningar.

Pema: Mit hjem.

Form: Hópavinna, fjórir nemendur.

Um æfinguna

Nemendur eiga að finna út hvar hlutirnir sem taldir eru upp neðst á þeirra blaði eru staðsettir með því að spyrja hina í hópnum.

1. Allir í hópnum fá sitt hvora myndina (**A – B – C – D**).

Hópurinn fær eitt fyrirmælablað.

2. Nemendur eiga að spyrja hvor annan hvar hlutirnir eru og teikna þá eða skrifa inn á myndina sína.

Í vinnubók

Æfing D

Hér eru þrjú herbergi (hringir) sem skrifa á nöfn á húsgögnum og hlutum inn í. Sumir hlutir eru einungis í einum hring (herbergi), aðrir í tveimur og nokkrir hlutir geta verið í öllum þremur og eru þá skrifaðir í miðjuna.



Vores hjem i fremtiden

Nemendabók bls. 36–37

Vinnubók bls. 82–84

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 37

Nemendur skrifa í stílabók um það hvernig þeir sjá heimili sitt eftir 20 ár. Minnst þrjú atriði. Nemendur geta stuðst við fjölbreyttan orðaforða í textanum.

Talæfing bls. 37

Nemendur velja eitt efni úr rammanum og tala um það í minnst 30 sek. Þetta verkefni hentar vel fyrir þör eða litla hópa.

Í vinnubók

Æfing D

Svörin er að finna í textanum.

Til minnis



Robotter i hjemmet

Nemendabók bls. 38

Vinnubók bls. 86–88

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 38

Nemendur skrifa fimm til sex setningar um myndina af vélmennunum.

Í vinnubók

Æfing E

Fyrsta orðið í setningunni er gefið upp með stórum staf.

Æfing F

Verkefnið er ekki byggt á orðaforða námsefnisins. Það er í þyngri kantinum og aðallega hugsað sem aukaverkefni fyrir duglega nemendur.

Hlustunaræfing 22

Áður en hlustað er getur verið gott að ræða á dönsku um myndirnar. Þannig geta nemendur áttað sig á myndunum og rifjað upp orðaforða tengdan þeim.

Til minnis



Hvad er dit yndlingsmøbel

Nemendabók bls. 39

Vinnubók bls. 89–92

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 39

Nemendur skrifa minnst fimm setningar um uppáhalds húsgagnið sitt. Ef til reynist þetta einhverjum erfitt og má þá hugsa sér að skrifa um fleiri húsgögn en minna um hvert

Samtalsæfing 15

Min stue – mit værelse

Markmið: Að þjálfra orðaforða um húsgögn og staðsetningu.

Pema: Hjemmet.

Form: Paravinna.

Um æfinguna

1. Annar nemandinn fær örk **15A** og **15D** og hinn örk **15B** og **15C**.
2. Á mynd **15A** er stofa full af hlutum.
3. Á mynd **15B** er mynd af sömu stofu en búið er að taka hlutina út og setja fyrir neðan myndina.
4. **Nemandi A** lýsir stofunni sinni. T.d. **Min ene højtaler hænger på væggen bag ved døren.**
5. **Nemandi B** teiknar hlutinn inn á sína mynd eftir lýsingu (**15B**). Hann getur þurft að spyrja nánar t.d. **hvilken dør** og A svarar **døren til venstre**.
6. Nemendur skipta um hlutverk og nú lýsir **nemandi B** unglingaherberginu (**15C**) og A teiknar inn á sína mynd (**15D**).

Í vinnubók

Æfing C

Orðin eru í rétttri röði í textanum.

Hlustunaræfing 23

Áður en hlustað er getur verið gott að ræða um myndina á dönsku. Kennari getur t.d. spurt: Hvor er sæben? Hvad ligger på gulvet foran toilettet? Þannig er orðaforðinn rifjaður upp og myndin skoðuð.



Hugmyndir að verkefnum

- Nemendur ímynda sér að skólastofan sé tóm. Engin húsgögn – ekkert fólk. Þeir útfæra síðan hugmynd af nýrri stofu munnlega og/eða skriflega.
- *Hurtigskrivning*. Nemendur fá fimm mínútur til þess að skrifa stuttan texta um t.d. heimili sitt, framtíðarheimilið eða upphalds herbergi. Markmiðið er að þjálf og kalla fram grunnorðforðann í þemanu.
- Nemendur setja merkimiða með heiti hlutanna á húsgögn og hluti i kennslustofunni.



Tengt efni

Hvad siger du? A

Höfundar: *Hlín Helga Pálsdóttir og Svandís Ólafsdóttir.*

Lytteøvelse : 2. Boligen
5. Værelser

Ung i 8. klasse

Höfundar: *Marianne Folmer Nielsen og Ulla Brink.*

Nemendabók: Camilla Gammelgaard bls. 2–3
Martin Larsen bls. 14–15
Ung i 8. klasse - Kennsluleiðbeiningar:
Lidt om Nørrebro bls. 4
Nokkur verkefni til ljósritunar henta vel með þemanu

God bedre bedst (kennsluforrit/vefefni).

Höfundar: *Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir.*

Hjemmet: www.nams.is/GBB

Og det er Danmark (dvd og verkefnamappa)

Höfundar: *Elísabet Valtýsdóttir, Erna Jessen og Hlín Helga Pálsdóttir.*

Myndskeið nr. 11. For sent i skole

Snak Løs

Höfundur: *Birte Harksen.*

Har du set bls. 52



Áhugaverðar slóðir

<http://www.innovationlab.dk/sw16113.asp>

<http://www.balslev.com/kampagne/fremtidens%20bolig.asp>



Hjælp, jeg skal konfirmeres

Nemendabók bls. 42–43

Vinnubók B bls. 8–10

Í nemendabók

Samtalsæfing 16

Konfirmation

Markmið: Að þjálfra orðaforða

Þema: Konfirmation

Form: Paravinna

Um æfinguna

1. Nemendur fá örk **16A** eða **16B**

Hvað segja unglingarnir um ferminguna. Nemendur eiga að ná sér í upplýsingarnar sem vantar í töflur A eða B með því að spyrja hvor annan.

Dæmi: A spyr: *I hvilken kirke blev Anja konfirmeret?*

B svarar: nemandinn finnur svarið í sinni örk og A fyllir út í sína töflu.

B spyr: Hann finnur spurningu á sinni töflu.

A svarar: nemandinn finnur svarið í sinni örk og B fyllir út í sína töflu.

Nemendur geta spurt hvor annan sömu spurninga og koma fram í textanum. Þannig festa þeir orðaforðann betur og undirbúa um leið sams konar ritunarverkefni í vinnubók.

Í vinnubók

Verkefni A

Nemendur setja óákv. greini þar sem það á við.

Verkefni B

Nemendur finna svörin í textanum á bls 42–43.

Verkefni C

Nemendur sem munu fermast svara spurningum 1–5.

Nemendur sem ekki munu fermast svara spurningum 6–10.



Blá mandag

Nemendabók bls. 44

Vinnubók B bls. 11

Í vinnubók

Verkefni B

Nemendur geta haft skiptar skoðanir um hvað tilheyrir Blá mandag. Ekkert svar er því réttara en annað. Svörin gætu verið kveikjan að umræðum.

Den perfekte dag

Nemendabók bls. 44–45

Vinnubók B bls. 12–14

Nemendabók

Talæfing bls. 45

Nemendur velja sér eitt efni af þeim sex sem gefin eru upp í rammanum og talar um það fyrir framan bekkinn eða smærri hóp í 30 sekúndur.

Í vinnubók

Verkefni A

Orðin koma fram í textanum í réttri röð.

Verkefni B

Nemendur svara spurningum á íslensku.

Verkefni C

Ef til vill mætti láta nemendur skrifa sín eigin SMS og aðrir í hópnum geta svarað þeim. Einnig mætti hugsa sér að nemendur sjálfir geri verkefni eins og í bókinni. Þeir skrifa þá SMS skilaboð en slíta þau í sundur. Sessusnauturinn getur svo púslað þeim saman.

Hlustunaræfing 25

Til þess að gera æfinguna léttari er gott að láta nemendur lesa yfir spurningarnar, áður en þeir hlusta.



Lidt om konfirmation

Nemendabók bls. 46–47

Vinnubók bls. 14–15

Í nemendabók/vinnubók

A. Fyrri hluti textanna er í lesbókinni (merktir bókstaf) og eiga nemendur að tengja þá við seinni hlutann sem er í verkefnabókinni (merktir tölustaf). Fyrirsagnirnar eru uppgefnar og standa í verkefninu. Nemendur setja réttan bókstaf/tölustaf fyrir aftan fyrirsögnina.

Hlustunaræfing 26

Þessi æfing er erfið. Æskilegt er að nemendur lesi setningarnar vel yfir áður en þeir hlusta. Einnig er gott að hlusta á upplesturinn nokkrum sinnum.

Á neti

Nemendur finna fleiri athyglisverðar upplýsingar eða sögur um fermingu á netinu. Þeir kynna niðurstöðurnar fyrir hópnum/bekknunum.

Samtalsæfing 17

Blá mandag spillet

Markmið: Að þjálfra orðaforða

Þema: Konfirmation

Form: Paravinna/hópavinna

Hvem kommer først over målstregen?

Sådan gør I:

Find en spillebrik hver. Brug en terning. Hvis I lander på et billede, skal I følge instruktionerne.



Hugmyndir að verkefnum

1. Nemendur geta skrifað ræðu til foreldra sinna eða vina þar sem þau lýsa ánægju sinni og þakk-læti fyrir velheppnaða veislu. Hægt er að styðjast við ræðuna í lesbókinni.
2. Nemendur vinna veggspjöld með orðaforða þemans. Hægt er að klippa út myndir og auglýsingar úr blöðum sem tengjast fermingum (eða öðrum veislum þar sem það á við). Gott er að hafa í huga að undirbúningur að fermingu hefst í byrjun mars og því er ágætt að hefja söfnun á efni á þeim tíma til frekari úrvinnslu.
3. Nemendur útbúa boðskort fyrir veisluna sína, sjá fyrirmynd í *Hvad siger du?* B bls. 24.
4. Hægt er að útbúa veggspjöld með óskalistum og myndum tengdum þeim. Nemendur skrifa heiti hlutanna og jafnvel verðmerkingu.



Fróðleikur (Info)

Fermingin

Í fermingarveislum, eins og í öllum stórveislum hjá Dönum eru haldnar margar ræður og sungnir söngvar sem eru samdir um og fyrir fermingarbarnið. Algengast er að boðið sé til matarveislu og þá oft í leigðum sal. Fermingarbarnið heldur oftast þakkarræðu sem það sjálft semur. Veisluborðið er oftast skreytt með blómum og dönskum fánum. Danir nota hvert tækifæri til að skreyta með danska fánanum.

Blá mandag

Blá mandag nefnist dagurinn eftir fermingu, eins og kemur fram í textanum. Mjög algengt er að fermingarbörnin noti þennan dag til þess að fara í bæinn og eyða fermingarpeningunum. Þau fara t.d. í Tívolí, í bíó eða út að borða. Einnig fara þau í verslanir og kaupa sér föt eða annað áhugavert dót. Oft fer allur fermingarhópurinn saman, eða þau fara nokkur saman í minni hópum. Fermingarbörnin fá alltaf frí frá skóla þennan dag.



Tengt efni

Hvad siger du? B eftir Ásu Kristínu Jóhannsdóttur og Ernu Jessen.

Lytteøvelse: 31. Indbydelseskort
 32. Konfirmationen
 33. Blå mandag

Ung i 8. klasse eftir Marianne Folmer Nielsen og Ullu Brink.

Nemendabók: Konfirmation bls. 24–25
 Sang til Martin på konfirmationsdagen bls. 26–27
 Kennsluleiðbeiningar: Nokkur verkefni til ljósritunar henta með þemanu

Og det er Danmark eftir, Elísabetu Valtýsdóttir, Ernu Jessen og Hlín Helgu Pálsdóttur.
þáttur 25. Konfirmation.



Áhugaverðar slóðir

<http://duda.dk/Grundfag/Kristendom/Konfirmation/konfirmation.html>



Fritid

Í þemanu er fjallað um

- Íþróttir og tómstundir unglinga.



Hugmyndir að kveikju

Æskilegt er að umræður fari fram á dönsku.

- Kennari spyr nemendur: *Hvad laver I i jeres fritid?*
Kennari skrifar svörin á töfluna. Kennari og nemendur geta raðað orðunum upp í dálka eftir eðli þeirra, t.d. tölvur, íþróttir, listir, störf o.s.frv.
- Þjóðariþróttir Dana og Íslendinga. Fyrir hvaða íþróttir eru Danir/Íslendingar þekktastir? Þekkjast nemendur einhverja danska íþróttamenn sem hafa skarað fram úr?
- Umræður um tómstundir í Danmörku og á Íslandi, samanburður á aðstöðu, tíma ofl.

Til minnis



Keder du dig?

Nemendabók bls. 48

Vinnubók B bls. 16–18

Í nemendabók

Í textanum er fjölbreyttur orðaforði og vel mætti hugsa sér að vinna með hann á ýmsan hátt. Ef til vill mætti skoða sagnir í nútíð og boðhætti og útbúa æfingar tengdar því.

Ritunaræfing bls. 48

Nemendur skrifa minnst fimm setningar um hvað þeir gætu gert ef þeir væru einir heima á sunnudegi og leiddist.

Samtalsæfing 18

En gætteleg

Markmið: Að þjálfra orðaforða um íþróttir og tómstundir.

Pema: Fritid

Form: Paravinna/hópvinna

Um æfinguna

1. Allir nemendur fá örk **18**.
2. Nemandi hugsar sér eina persónu á blaðinu.
3. Hinn/hinir reyna að komast að því hvaða persónu nemendinn er að hugsa um með því að spyrja spurninga.

Dæmi: Kan du lide at spille guitar? o.s.frv.
Aðeins má svara með ja/nej.

4. Nemendur skiptast á að spyrja og svara.

Athugasemdir: Gott er að rifja upp orðin í verkefninu áður en nemendur byrja að tala saman.

Hugmynd

Nemendur geta teiknað svipaða mynd og er í lesbókinni bls. 48 og skrifað um sjálfan sig. Ef til vill mætti útbúa veggspjald með slíkri mynd, þar sem nemendur skrifa hugmyndir sínar á pappír, klippa þær út og líma á veggspjaldið.



Í vinnubók

Æfing A

Ef til vill vefst fyrir nemendum hvað *fritidsord* er. Hér er hugsunin sú að í innri hringinn komi nafnorð sem tengist fritid. Svarmöguleikar geta verið allnokkrir. Í ytri hringnum er gert ráð að nemendur skrifi sagnir sem tengjast nafnorðunum, t.d bøger/læse.

Æfing C

Gott er að rifja upp boðhátt áður en nemendur leysa verkefnið.

Hlustunaræfing 27

Nemendur setja kross á réttan stað í töflunni á bls. 18.

Til minnis



God til at tegne

Nemendabók bls. 49

Vinnubók bls. 19–20

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 49

Ekki eru allir nemendur jafn tilbúnir til þess að teikna myndir. Þá gætu nemendur klippt myndir úr blöðum og festa á veggspjald þannig að úr verði mynd með texta. Einnig mætti láta nemendur semja samtal út frá orðaforða textans.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 28

Hér eiga nemendur að teikna tvær myndir eftir upplestri. Nauðsynlegt er að gera hlé á milli allra lýsinga til að nemendur fái tíma til þess að teikna.

Hårdt arbejde

Nemendabók bls. 50

Vinnubók bls. 21–22

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 50

Ritunarverkefnið er bara hugmynd og hugsanlega mætti breyta fyrirmælunum þannig að nemendur skrifi annars konar skilaboð eða sms.

Til minnis



Et supertalent

Nemendabók bls. 51

Vinnubók bls.23–24

Í nemendabók

Talæfing bls. 51

Þegar nemendur hafa lokið talæfingunni gætu þeir spurt hver annan svipaðra spurninga um eigin áhugamál.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 29

Hlustunin er í tveimur hlutum. Athugið að æfingin er lesin upp tvisvar sinnum á disknum. Í seinni hlutanum má benda nemendum á að lesa setningarnar yfir áður en þeir hlusta.

Lommepenge og fritidsjob

Nemendabók bls. 52

Vinnubók bls. 25–28

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 52

Hugmynd: Nemendur geta skrifað og flokkað heimilistörf eftir því hver vinnur þau á heimili þeirra.

Í vinnubók

Æfing A

Verið getur að línur séu of margar í einhverjum dálki.

Æfing B

Mögulega er enginn munur á listum nemenda.

Hlustunaræfing 30

Nemendur merkja við réttar fullyrðingar.

Æfing F

Þetta verkefni getur reynst mörgum nemendum erfitt. Hugsanlega mætti þýða orðin yfir á íslensku og nemendur myndu síðan leita að orðunum í textanum.



Min yndlingsport

Nemendabók bls. 53

Vinnubók bls. 29–33

Í nemendabók

Samtalsæfing 19

Quiz

Markmið: Að bera fram spurningar á dönsku.

Kanna þekkingu hver hjá öðrum um ýmislegt tengt frístundum.

Pema: Fritid

Form: Paraæfing/hópæfing

Um æfinguna

Annar nemandinn fær **örk 19A** og hinn **örk 19B**

Nemendur skiptast á að spyrja.

Athugasemdir

Ef til vill má halda keppni þar sem einn spyr og hópurinn keppist um að svara.

Ritunarverkefni bls. 55

Kennari getur rifjað upp uppsetningu sendibréfs með áherslu á ávarp og kveðju.

Í vinnubók

Æfing A

Nemendur eru eflaust ekki alveg sammála um hvaða mánuðir tilheyri ákveðnum árstíðum. T.d. mætti hugsa sér að einhverjir teldu september til vetrarmánaða. Aðalatriðið er að nemendur læri heiti á mánuðum og árstíðum.

Æfing B

Sumar myndirnar geta tengst fleiri en einni árstíð.

Æfing C

Benda má á að ekki kemur nein mynd eða ákveðið mynstur út úr orðunum.

Hlustunaræfing 31

Nemendur setja númer á réttan stað.

Hlustunaræfing 32

Nemendur ljúka fullyrðingunum.



En brækket næse

Nemendabók bls. 56

Vinnubók bls. 34–38

Í nemendabók

Samtalsæfing á bls. 56

Aðalatriðið í æfingunni er ekki að nemendur tali allir í 30 sekúndur, heldur er sjálfsagt að aðlaga tímann getu hvers og eins. Einnig má hugsa sér að miða við ákveðinn fjölda setninga.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 33

Æfingin er tvískipt og vinna nemendur **verkefni A** áður en þeir hlusta. Æfingin er löng og því er gott að gera stutt hlé á milli spurninga.

Æfing G

Setningarnar geta bæði staðið lárétt og lóðrétt. Einungis á að skrifa í kassann fyrsta stafinn í orðinu sem vantar.

Til minnis



Sport – for og imod

Nemendabók bls. 57

Vinnubók bls. 39–44

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 57

Verkefnið býður upp á að nemendur skiptist á skoðunum munnlega. Hver og einn nemendi getur sagt eina til tvær setningar með eða á móti íþróttum. Einnig mætti láta nemendur draga miða þar sem á stendur hvort þeir séu með eða á móti íþróttum og láta þá rökstyðja það.

Í vinnubók

Æfing E

Stjörnur i pris og omkostninger: Ein stjarna stendur fyrir þá íþrótt sem er ódýrast að stunda og þrjár stjörnur fyrir þá sem dýrast er að stunda.

Stjörnur i sværhedsgrad: Ein stjarna stendur fyrir léttustu íþróttagreinina og þrjár fyrir þá erfiðustu. Auk þess sem nemendur þurfa að átta sig á hvaða íþróttagrein hentar hverjum og einum er einnig lögð áhersla á að geta rökstutt með mismunandi orðalagi.

Hlustunaræfing 34

Mikilvægt er að rifja upp töluorðin áður en nemendur hlusta. Sjá *Grammatik* bls. 39 og verkefni [Grammatik 1](#) á vef Námsgagnastofnunar, æfingar 46 a og b.

Til minnis



Lidt af hvert

Nemendabók bls. 58

Vinnubók bls. 45–46

Í vinnubók

Æfing A

Nemendur eiga að finna rétta fyrirsögn á textunum í **lesbókinni**.

Æfing B

Hér mætti einnig finna orð sem líkjast orðum úr öðrum tungumálum eins og t.d. íslensku.

Hlustunaræfing 35

Hlustunin er í tveimur þáttum. Áður en nemendur hlusta eiga þeir að reyna sjálfir að setja orðin inn í eyðurnar. Í seinni hlutanum hlusta nemendur á frásögnina og athuga hvort þeir hafi skrifað rétt orð inn. Athugið að í línu 3 er lesið rangt, þar er sagt *de* en ekki *det*.

Samtalsæfing 20

Find 6 forskelle

Markmið: Að þjálfra orðaforða um áhugamál.

Þema: Fritid

Form: Paravinna

Um æfinguna

1. Annar nemandinn fær **örk 20A** og hinn **20B**.
2. Nemendur eiga að finna 6 atriði á myndunum sem ekki eru eins á báðum blöðum. Best er að nota tölurnar og bókstafina til að átta sig á hvaða mynd er verið að tala um hverju sinni.
3. Nemendur skiptast á að spyrja.

Dæmi: *A segir:* På billede 1 er der en pige som lytter til en Walkman/iPod

Hvem er dit billede af?

B segir: Jeg har også en pige som lytter til en Walkman/iPod.

4. Nemendur skrifa á línurnar lýsingar á því sem er ólíkt á myndunum.



Hej allesammen

Nemendabók bls. 60–61

Vinnubók bls. 47–51

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 60

Hér gætu nemendur unnið í hópum og farið í spurningaleikinn *Hvem svarer først?* Einn spyr t.d. *Hvem drak en spandfuld Cola?* Hinir eiga að keppast um að svara. Hugsanlega mætti gefa stig.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 36

Nemendur setja númer við þær myndir sem talað er um. Myndirnar eru fleiri en númerin.

Æfing E

Nemandinn á að ímynda sér að hann gangi að heiman í átt að félagsmiðstöðinni. Hann má einungis stíga á orð tengd íþróttum og tómstundum. Nemandinn byrjar á **hjem** og stígur svo á **musik** o.s.frv. Athugið að línan má aldrei slitna.

Til minnis



Hugmyndir að aukaverkefnum

1. Nemendur skipta sér í hópa og búa til veggspjöld með orðum og mögulega myndum sem tengjast einni ákveðinni íþrótt eða tómsundaáhugamáli. Nemendur geta leitað að orðum í kennslubókinni, á Netinu, í orðabókum eða blöðum.
2. Nemendur eða kennari geta útbúið spurningakeppni úr íþróttum.
3. Nemendur eða kennari skipuleggja leikfimi þar sem öll fyrirmæli fara fram á dönsku.
4. Nemendum er skipt í hópa eða pör. Þeir leita upplýsinga um eina íþrótt á Netinu og kynna hana fyrir samnemendum. Kynna má íþróttina á margvíslegan hátt, með t.d. PowerPoint, fréttatilkynningum eða veggspjöldum.
5. Nemendur finna íþróttaskóla eða íþróttafélög í Danmörku þar sem hægt er að stunda ákveðnar íþróttir.
6. Nemendur fylla út umsókn um skólavist á íþróttaskóla í Danmörku. Kennari getur útbúið umsóknareyðublöð, sótt þau á Netið eða nálgast þau í Norræna húsinu.



Fróðleikur

Danir standa framarlega í ýmsum íþróttum, m.a. handbolta, fótbolta, badminton og róðri.

Håndbold er en dansk opfindelse. Manden bag er gymnastiklærer Holger Nielsen, der i 1898 lod sine elever på Ordrup Gymnasium spille håndbold og i 1907 udgav han et hæftemed de første regler.



Tengt efni

Hvad siger du? A. Hlín Helga Pálsdóttir og Svandís Ólafsdóttir.
Kafli 13: Fritidsinteresser

Hvad siger du? B. Ása Kristín Jóhannsdóttir og Þórunn Erna Jessen

- Lytteøvelse 7: Mine interesser
- Lytteøvelse 8: Fritid
- Lytteøvelse 9: I fritiden
- Lytteøvelse 10: Sportsinteresser
- Lytteøvelse 11: Sport
- Lytteøvelse 44: Pligter og penge

Snak løs. Birte Harksen.
Sport bls. 37–40

Og det er Danmark Myndbandsefni.
Elísabet Valtýsdóttir, Þórunn Erna Jessen og Hlín Helga Pálsdóttir.
Kaflar nr. 19 Fritidsinteresser og 22 Hvad skal du lave?

Ung i 8. klasse. Marianne Folmer Nielsen og Ulla Brink bls 30 – 31: Fritidsjob

God bedre bedst (kennsluforrit)
Krop og sjæl. www.nams.is/GBB

Grammatik. Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir bls. 39



Vefslóðir

<http://duda.dk/Fritidssektion/Sport/sport.html>
www.ungballet.dk
<http://www.dgi.dk>



Mystik

Í þemanu er fjallað um

- Yfirnáttúruleg efni svo sem drauga, geimverur og dularfull fyrirbæri.



Hugmyndir að kveikju

Þar sem ólíklegt er að nemendur hafi orðaforða á dönsku yfir dularfull fyrirbæri getur verið nauðsynlegt að hafa umræður í kveikju á íslensku.

- Hvaða yfirnáttúruleg fyrirbæri hafið þið heyrt um á Íslandi?
- Hvaða önnur yfirnáttúruleg fyrirbæri hafið þið heyrt um?
- Hefur einhver upplifað eitthvað yfirnáttúrulegt?
- Umræður á dönsku um fyrstu myndina í þemanu.

Til minnis



Har du oplevet noget mystisk?

Nemendabók bls. 62

Vinnubók bls. 52–54

Í nemendabók

Talæfing/Ritunaræfing bls. 62

Nemendur búa til 5–6 spurningar. Spyrja sessunaut og svara síðan hans spurningum.

Hugmyndir að ritunarverkefnum

1. Nemendur skrifa nokkrar setningar um hvaða frásögn er trúverðugust og hvers vegna.
2. Nemendur skrifa nokkrar setningar um fyrstu myndina í þemanu og nota jafnvel orðaforðann úr kveikjunni.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 37

Svörin mega vera á dönsku eða íslensku.

Til minnis



Bange for mørket

Nemendabók bls. 63

Vinnubók bls. 55–56

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 63

Nemendur skrifa um hvað þeir eru hræddir við og hvers vegna.

Hugmynd að ritunarverkefni

Nemendur geta búið til samtalsæfingu úr textanum þar sem annar spyr Emmu um myrkfælni og hinn svarar fyrir Emmu og svo öfugt.

Samtalsæfing 21

Fyld ord i hullerne

Markmið: Að þjálfra orðaforða um drauga og myrkfælni.

Pema: Mystik

Form: Paraæfing

Um æfinguna

1. Annar nemandinn fær örk **21A** og hinn **21B**.
2. A les upp æfinguna sem stendur efst á hans/hennar blaði.
3. B skrifar niður orðin sem vantar inn í eyðurnar.
4. B. les upp æfinguna neðst á hans/hennar blaði.
5. A skrifar orðin sem vantar í eyðurnar.
6. Nemendur bera saman orðin, eða fara yfir hvor hjá öðrum.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 38

Merkja við það sem við á. Það á ekki að merkja við allar setningarnar.



Spøgelser

Nemendabók bls. 64

Vinnubók bls. 57–59

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 64

Nemendur skrifa stutta sögu þar sem spurningarnar eru notaðar sem stuðningur.

Hugmynd að ritunarverkefni

Nemendur skrifa um sinn eigin draug og nota ef til vill ritunarverkefnið í lesbókinni sem fyrirmynd.

Í vinnubók

Æfing E

Áður en nemendur vinna verkefnið er gott að rifja upp forsetningar sem tengjast staðsetningu eins og undir, yfir, í, ofan á o.s.frv. Einnig má nota myndina til að þjálfra tal, með því að lýsa henni.

Hugmynd að talæfingu

Hugsanlega mætti búa til úr myndinni þraut þar sem nemendur vinna í pörum og strika út 3–5 hluti á myndinni. Nemendur tala saman um myndirnar án þess að sjá þær hvor hjá öðrum og finna út hvaða hluti vantar á myndirnar hjá hvorum um sig.

Til minnis



De dødes ånder går igen

Nemendabók bls. 65

Vinnubók bls. 60–62

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 65

Nemendur teikna mynd í samræmi við textann í bókinni.

Samtalsæfing 22

Spøgelsesslottet

Markmið: Að þjálfra orðaforða, tengdan draugum, og staðaratviksorð.

Þema: Mystik

Form: Paraæfing

Um æfinguna:

Annar nemandinn fær örk **22A** og hinn **22B**.

Á mynd A vantar 7 atriði. Nemendur finna út hvað vantar með því að bera saman myndirnar.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 39

Frásögnin er frekar löng svo gott er að hlusta á hana nokkrum sinnum.

Til minnis



Fingeren

Nemendabók bls. 66

Vinnubók bls. 63–65

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 66

Endurritun sögu.

Hugmynd að ritunarverkefni/teikning

Nemendur geta unnið teiknimyndasögu með talbólum úr sögunni.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 40

Þetta verkefni er diktaglos verkefni.

1. Nemendur hlusta á byrjun á sögu.
2. Nemendur hlusta aftur og punkta hjá sér aðalatriði.
3. Nemendur sitja saman í pörum eða fámenum hópum og skrifa fyrripart sögunnar eins nákvæmlega og þeir geta á dönsku. Til þess nota þeir orðin sem þeir punktuðu hjá sér.
4. Nemendur koma sér saman um hvað sögupersónan sá.
5. Nemendur semja endi á söguna.
6. Umræður um hvernig nemendur enduðu söguna.

Er du let at skræmme?

Nemendabók bls. 67

Vinnubók bls. 65

Í vinnubók

Æfing A

Nemendur telja saman stigin í lesbókinni, ef þeir hafa flest graskersstig lesa þeir um graskerspersónuleikann sem á best við þá o.s.frv.



Søuhyre med egen fanklub

Nemendabók bls. 68

Vinnubók bls. 66–67

Í nemendabók

Ritunarverkefni bls. 68

Nemendur skrifa bréf til aðdáendaklúbbs.

Hugmynd að verkefni

Nemendur leita að frekari upplýsingum um Lock Ness skrímslið á dönskum heimasíðum.

Upplýsingarnar má nota til að búa til fréttir, auglýsingaspjöld eða viðvaranir sem hengja má upp.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 41

Nemendur heyra tvær sögur. Setja merki við rétt svör.

Til minnis



Den afskyelige snemand

Nemendabók bls. 69

Vinnubók bls. 68–70

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 69

Nemendur skrifa póstkort.

Samtalsæfing 23

Find et monster

Markmið: Að þjálfra lýsingarorð og ýmis útlitsorð.

Pema: Mystik

Form: Para – eða hópvinna

Um æfinguna

Allir fá **örk 23**.

Einn nemandi hugsar sér eitt skrímsli á blaðinu.

Hinir nemendurnir reyna að finna út hvaða skrímsli A er að hugsa um með því að spyrja spurninga.

Dæmi: Hvor mange øjne har dit monster?
Nemendur skipta um hlutverk.

Í vinnubók

Æfing B

Verkefnið er erfitt en góð áskorun fyrir duglega nemendur. Nemendur eiga að finna dularfullu setninguna. Orðin í henni geta staðið lóðrétt og lárétt en tengjast alltaf næsta orði. Þegar nemendur hafa fundið setninguna skrifa þeir hana í kassana. Að lokum finna þeir bókstafina sem merktir eru með tölustaf og skrifa þá inn í kassana neðst.



X rimer på heks

Nemendabók bls. 70

Vinnubók bls. 70–74

Í vinnubók

Hlustunaræfing 42

Fantasiens drager

Nemendabók bls. 70

Vinnubók bls. 75–76

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 71

Nemendur teikna mismunandi dreka og skrifa lýsingu á þeim. Hvaðan eru þeir? Eru þeir góðir eða vondir? o.s.frv.

Í vinnubók

Æfing C

Til að einfalda verkefnið getur kennari lesið það upp fyrir nemendur.

Hlustunaræfing 43

Er vi alene?

Nemendabók bls. 72

Vinnubók bls. 77–80

Í nemendabók

Ritunaræfing bls. 72

Nemendur skrifa stutta frétt um „ufo“. Einnig geta þeir tekið fréttaviðtal hver við annan og sýnt bekknum það sem leikþátt eða upptöku af leikriti.

Í vinnubók

Hlustunaræfing 44



Jesper mødte en ufo

Nemendabók bls. 73

Vinnubók bls. 81–84

Í nemendabók

Samtalsæfing 24

Mystik

Markmið: Að þjálfra orðaforða tengdan dularfullum fyrirbærum.

Þema: Mystik.

Form: Paravinna.

Um æfinguna

1. Annar nemandinn fær örk **24A**, hinn **24B**.
2. Nemendur eiga að búa til samtal út frá fyrirbærum.
3. A byrjar á nr.1, þá tekur B nr.1 á sínu blaði.

Dæmi: Jeg har set et spøgelse.
Heldur áfram: Nej! hvor så du det?

4. Nemendur geta síðan búið til samtal út frá eigin reynslu.

Ritunarverkefni/leikþáttur

1. Nemendur gera teiknimyndasögu með talbólum úr frásögninni.
2. Nemendur búa til klippimynd.
3. Nemendur taka upp leikna mynd á vídeóupptökuvél.

Í vinnubók

Æfing C

Fyrsta orðið í setningunni hefst á stórum staf.



Hugmyndir að fleiri verkefnum

1. Nemendur velja sér einn texta úr þemanu og notað orðaforðann úr honum til þess að semja ljóð.
2. Nemendur vinna í pörum og velja sér eina veru úr þemanu, t.d. norn eða draug. Þeir semja viðtal við veruna. Annar leikur veruna en hinn blaðamann. Viðtalið er tekið upp á t.d. myndband/geisladisk eða í tölvu.
3. Nemendur skrifa frétt um einhverja dularfulla veru úr þemanu.
4. Nemendur teikna margar ólíkar verur og skrifa lýsingar á þeim, hvaðan þær koma, hvaða eiginleika þær hafa o.s.frv. Myndirnar eru svo hengdar upp.
5. Historieroulette. Kennari útbýr historieroulette úr þemanu. Sjá fyrirmynd aftast í þemanu um fritid.



Fróðleikur (Info)

Í Danmörku er Sankthans sama og Jónsmessa á Íslandi sem er 23. júní. Hefð er fyrir því að kveikja bál á strönd eða opnu svæði þar sem er nóg pláss. Efst á bálkestinum er komið fyrir norn sem búin er til úr spýtum, heyi, hálm og gömlum fötum. Fólk safnast saman þegar skyggja fer og þá er kveikt í bálkestinum. Þá er sungið og grillað bæði pylsur og brauð/snobrød. Snobrød er búið til þannig að brauðdeigi er vafið utan um pinna og síðan bakað yfir eldi eða grilli.

Hefð er fyrir því að syngja lagið Midsommersangen með hljómsveitinni Shubidua. Hægt er að finna textann við lagið t.d. á heimasíðunni: <http://www.shubidua.nu/engelsk/tekster/midsommer.html>



Tengt efni

Grammatik. Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir.
Forsetningar bls. 44–46.

Grammatik 1. Arnbjörg Eiðsdóttir og Kristín Jóhannesdóttir.
Verkefni 45.

Grammatik 2. Linda Sigurðardóttir.
Verkefni 38–44.

Hvad siger du?C. Elísabet Valtýsdóttir og Vilborg Ísaksdóttir.
Hlustunaræfing 31.

Og det er Danmark. Elísabet Valtýsdóttir, Erna Jessen og Hlín Helga Pálsdóttir.
Páttur 23 – Sankt Hans.



Vefslóðir

Bigfoot: <http://www089.thinkquest.dk/bigfoot.htm>

om ufoer: <http://www.sufoi.dk/>

denafskyeligesnemand: http://www.jp.dk/explorer/himalaya_artikler:aid=767554/

allerhelgen : <http://www.detsker.nu/allehelgen/>